

Vinnuregla fyrir útgáfu lyfjaskírteinis

Almennar leiðbeiningar fyrir útgáfu lyfjaskírteina

Dagsetning: 1. janúar 2012

Hvernig er sótt um lyfjaskírteini? Læknir skal sækja um lyfjaskírteini á þar til gerðu umsóknareyðublaði, sem er á heimasíðu Sjúkratrygginga Íslands www.sjukra.is. Í nokkrum tilfellum þarf læknir með ákveðna sérgrein að sækja um lyfjaskírteini skv. vinnureglum. Læknar mega ekki sækja um lyfjaskírteini fyrir sjálfan sig. Læknanemar mega ekki sækja um lyfjaskírteini, nema þeir hafi tímabundið lækningaleyfi.

Skilyrði fyrir útgáfu lyfjaskírteinis er að í umsókn komi fram sjúkdómsgreining og sjúkrasaga sem rökstyður tiltekna lyfjameðferð. Í vinnureglum koma fram þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að fá útgefið lyfjaskírteini. Vinnureglur fyrir algengustu lyfin/lyfjaflokkana eru birtar á heimasíðu Sjúkratrygginga Íslands www.sjukra.is. Frávik frá vinnureglum eða ný lyf eru metin sérstaklega. Sjúkratryggingar Íslands áskilja sér rétt til að leita álits sérfræðings utan stofnunarinnar áður en til afgreiðslu skírteinis kemur.

Lyfjaskírteini eru afgreidd á eftirfarandi hátt:

0 merkt lyf í lyfjaverðskrá verða E eða B merkt:

Þegar sjúklingi er brýn nauðsyn að nota lyf um lengri tíma lyf sem sjúkratryggingar greiða ekki („0“ merkt í lyfjaverðskrá) er heimilt að hækka greiðslumerkinguna í „E“ eða „B“.

Lyf færð á milli greiðsluflokka:

Þegar einstaklingur þarf að nota mörg lyf að staðaldri, 5 lyf eða fleiri sem sjúkratryggingar greiða ekki eða aðeins að hluta, sjá vinnureglu „mörg lyf“.

*merkt (100%) greiðslubátttaka

Sjúkratryggingar greiða lyf að fullu fyrir sjúklinga í líknandi meðferð í heimahúsi og sjúklinga með flogaveiki, parkinsonveiki, lokastig nýrnabilun, krabbamein og alvarlega áunna eða meðfædda truflun á kyn- og innkirtlastarfsemi eða sambærilega sjúkdóma.

Frávik frá viðmiðunarverði

Fyrir einstaklinga sem geta ekki notað það lyf sem er með viðmiðunarverð í viðmiðunarverðflokki, sjá vinnureglu „frávik frá viðmiðunarverði“.

Ýmsar vörur

Þegar einstaklingur af brýnum læknisfræðilegum ástæðum þarf að nota t.d. húðkrem, augndropa eða sambærilegar vörur.

Gildistími:

Gildistími lyfjaskírteina samkvæmt vinnureglum.

Gildistími lyfjaskírteina miðast við dagsetningu umsóknar.

Upplýsingar um greiðslubátttöku sjúkratrygginga:

0 - merkt = einstaklingur greiðir lyfið að fullu.

E - merkt = einstaklingur greiðir að hámarki **6.500 kr.** fyrir hverja lyfjaávisun, þó greiða elli/örorkulífeyrisþegar, börn yngri en 18 ára og atvinnulausir að hámarki **1.800 kr.**

B - merkt = einstaklingur greiðir að hámarki **4.400 kr.** fyrir hverja lyfjaávisun, þó greiða elli/örorkulífeyrisþegar, börn yngri en 18 ára og atvinnulausir að hámarki **1.400 kr.**

***** - merkt = sjúkratryggingar greiða lyfið að fullu.